

Borgarspítalanum, slysadeild, í júní s.á. og á Heilsugæslustöð Keflavíkur júlí-ágúst s.á. Kandi-
dat á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, lyflækningadeild,
frá júlí 1995 til jan. 1996, á skurðeild febr.-mars
1996 og á háls-, nef- og eyrnadeild apríl-júlí s.á.
Deildarlæknir á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, lyflæk-
ningadeild, frá júlí 1996 til júlí 1997. Aðstoðar-
læknir og sérfræðinám í almennum lyflækningum
við Catharina Ziekenhuis í Eindhoven í Hollandi
frá okt. 1997.

Félags- og trúnaðarstörf: Ráðningastjóri Félags
læknanema 1991-94.

Maki: 3. sept. 1994, Hrönn Harðardóttir, f.
14. júlí 1967, stúdent frá F.B. 1986, cand, med.
frá H.Í. 1993, læknir. For.: Hörður Kristinsson,
tækni-fræðingur í Reykjavík, f. 1. sept. 1942, og
k.h. Rut Rebekka Sigurjónsdóttir, hjúkrunarfræð-
ingur og listmálari, f. 23. mars 1944.

Börn þeirra: 1) Helena Rut, f. 17. maí 1994. 2)
Hörður Kristinn, f. 27. sept. 1995.

Skyldleiki/tengdir: Hans Svane og Haukur
Kristjánsson (makar ömmusystra), Hrönn Harð-
ardóttir (maki).

Jón Kristjánsson f. 14. júní 1881 á Breiðaból-
stað í Vesturhópi, Þverárhr., V-Hún., d. 17. apríl
1937 í Reykjavík.



Faðir: Kristján Jóns-
son, bóndi og hrepp-
stjóri í Víðidalstungu í
Þorkelshólshr., V-Hún.,
f. 23. febr. 1848, d. 18.
jan. 1932. For.: Jón
Kristjánsson, prestur
og alþingismaður í Ysta-
felli í Ljósavatnshr., S-
Þing., í Steinnesi í
Þingi og á Breiðaból-
stað í Vesturhópi,
Þverárhr., V-Hún., f.

17. maí 1812, d. 14. apríl 1887, og k.h. Guðný
Sigurðardóttir, húsfreyja, f. 9. nóv. 1820, d. 19.
apríl 1892.

Móðir: Gróa Ólafsdóttir, húsfreyja í Víðidal-
stungu í Þorkelshólshr., V-Hún., f. 6. jan. 1839, d.
15. maí 1907. For.: Ólafur Jónsson, bóndi, al-
þingismaður og dannebrogismaður á Stóru-Giljá
og Sveinsstöðum í Þingi, Sveinsstaðahr., V-Hún.,
f. 5. okt. 1811, d. 19. okt. 1873, og k.h. Oddný

Ólafsdóttir, húsfreyja, f. 5. júní 1811, d. 8. jan.
1893.

Nám: Stúdent frá Lærða skólanum 1904, II.
eink. (65 st.). Stundaði nám við Læknaskólann
frá hausti 1904 til hausts 1907, cand. phil. 19.
júní 1905. Sigldi haustið 1907 til Kaupmanna-
hafnar til þess að nema sjúkrannudd. Tók próf þar
í sjúkrannuddi og sjúkraleikfimi vorið 1908. Hóf á
ný nám við Læknaskólann í Reykjavík. Cand.
med. frá H.Í. 24. júní 1914, II. eink. betri (101½
st.). Sérfræðingsleyfi í nuddlækningum veitt af
Læknafélagi Íslands 1923, enda hafði hann þá
starfað að þeirri sérgrein. – Námsferð 1921 og
1924 til Kaupmannahafnar og Vínarborgar (dia-
thermi-lækningar).

Störf: Starfaði á sjúkrahúsum í Kaupmanna-
höfn (hjartasjúkdómar og nuddlækningar) 1914
og 1915, m.a. á Rigshospitalet, fæðingardeild.
Kandi-dát á Finseninstitutet í Kaupmannahöfn frá
okt. 1914 til febr. 1915. Starfandi læknir í Reykja-
vík frá sumri 1915 til æviloka.

Ritstörf: Greinar í Læknablaðinu 1915, 1925
og 1927.

Maki: 10. maí 1913, Emilía Sighvatsdóttir, f.
12. okt. 1887, d. 18. nóv. 1967, húsfreyja. For.:
Sighvatur Kristján Bjarnason, bankastjóri Íslands-
banka í Reykjavík, f. 25. jan. 1859, d. 30. ágúst
1929, og k.h. Ástgerður Ágústa Sigfúsdóttir, húsf-
freyja, f. 9. jan. 1864, d. 30. maí 1932.

Börn þeirra: 1) Sighvatur, f. 29. sept. 1913, d.
6. sept. 1969, afgangslumaður í Reykjavík. Maki:
Anna Albertsdóttir, f. 22. ágúst 1918, húsfreyja.
2) Kristján, f. 4. apríl 1915, d. 14. júní 1994, loft-
skeytamaður í Reykjavík. Maki: Gréta Austmann
Sveinsdóttir, f. 28. nóv. 1918, húsfreyja. 3) Ó-
lafur, f. 2. ágúst 1916, rafeindavirkjameistari í
Reykjavík. Maki: Hjördís Jónsdóttir, f. 1. febr.
1915, d. 16. febr. 1990, húsfreyja. 4) Þorbjörg, f.
1. nóv. 1918, húsfreyja í Reykjavík. Maki: Sig-
urður Ólafsson, f. 7. mars 1916, d. 14. ágúst
1993, lyfjafræðingur og apótekari. 5) stúlka, f. 28.
jan. 1920, d. 30. jan. 1920. 6) Haraldur, f. 24.
maí 1921, d. 4. des. 1923. 7) Ágúst, f. 2. ágúst
1926, d. 26. des. 1996, skipstjóri á Seltjarnarnesi.
Maki I: Jónína Guðný Guðjónsdóttir, f. 26. ágúst
1931, d. 14. júlí 1973, húsfreyja. Þau skildu. Maki
II: Margrét Krístrún Sigurðardóttir, f. 20. mars
1931, húsfreyja.

Skyldleiki/tengdir: Jón Sigurðsson (dótturson-
ur), Magnús Pétursson (svili), Pétur Magnússon
(systursonur maka).